

Alþingi
Erindi nr. P 130/865
komudagur 20.1.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 20. janúar 2004

Efni: Umsögn Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, uppsögn.

Stjórn Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga harmar að fjármálaráðherra skuli einhliða vilja breyta starfsumhverfi opinberra starfsmanna. Stjórnin telur rétt að ein lög gildi um vinnumarkaðinn og telur það mistök að því samstarfi sem hafið var sé stefnt í tvísýnu með þessum hætti. Jafnframt er á það bent að ef uppsagnarferlinu er breytt á þennan hátt er rökrétt að afnema einnig uppsagnarfrest í lögnum og semja um hann með beinum hætti, annað hvort í kjarasamningum eða við ráðningu hvers starfsmanns.

Að öðru leyti vísast til umsagnar BHM, BSRB og KÍ um frumvarpið.

Virðingarfyllst.



Stefán Aðalsteinsson,
formaður KVH